



Brynjid



11 árg. 3. tbl.

Fréttablað Félags áhugamanna um tréskurð

Okt. 2006

Formansrabb.

Nú þegar haustið er að ganga í garð með einkennum þeirra árstíðar, fer margur tréskurðarmaðurinn að taka til hendinni og búa til sín hagleiksverk.

Stjórn félagsins hélt nýlega sinn fyrsta stjórnarfund, þar sem lagður var grunnur að vetrarstarfinu fram yfir áramótin. Við munum byrja á því nú í október að fara á fund með trérennismíðum. Þá verður aðalfundur í nóvember og jólafundur í desember, með þeim konum í Heimilisiðnaðarfélaginu, stefnan er tekin á teikninámskeið eftir áramót. Nánar er sagt frá þessum atriðum, hér í fréttablaðinu.

Ég vil með söknuði minnst Leifs Sigurðssonar, rennismíðameistara og tréskurðarmans, er lést nú í sumar, Leifur var afkastamikill tréskurðarmaður og var með í öllum samsýningum félagsins frá byrjun.

Farin var í maí stórskemmtileg ferð austur fyrir Fjall, með tuttugu og fjóra félagsmenn. Ferðin var farin í fallegu sumarveðri undir fararstjórn formanns og annarra góðra manna. Skoðaðar voru fjórar kirkjur og málverkasýning í gömlu fjósi. Sigríður á Grund og systurnar í Bryðjuholti sóttar heim. Ég vil færa þeim systurum alveg sérstakar þakkir fyrir frábærar móttökur, kaffihlaðborð eins og það gerist best í sveitinni og Siggú á Grund fyrir þönnukökurnar góðu. Það var yndislegt að fá að heimsækja þessar ágætu lista konur.

Formaður hefur sótt fjóra fundi í nefnd er fjallað hefur um þing og undirbúning á Norrænu heimilisiðnaðarþingi, sem halda á hér á landi, dagana 27-30 sept. á næsta ári. Nefndin hefur fjallað um þinghaldið, fjáröflun og dagskráliði þingsins. Nefndin er að vinna að "Sjónarbók" í samvinnu við Listaháskóla Íslands, þar sem fram koma Íslensk gömul alþýðu munstur, teiknuð bók með uppdráttum til að sauma, útskurðar og fl. Það er vilji formans að tréskurðarmenn verði með sýningu á verkum sýnum og opin verkstæði, samhliða þinghaldinu, en nánar um það síðar.

Það var ánægjulegt að koma í Hrafnagili í sumar og sjá hversu margir tréskurðarmenn voru þar áberandi við iðju sína og sýndu marga fallega og góða hluti. Handverkshúsið í Hafnarfirði hafði hér forustu um, sem ber að þakka sérstaklega. Félag okkar mætti gjarnan koma inn í þessa starfsemi á næsta ári, með hugsanlegri stuðningsaðild og kynningu á félagsstarfinu.

Ég vil að lokum þakka öllum, er stutt hafa mig og veitt mér góða hjálp á formans ferlinum. Ég tók starfið að mér í eitt ár, þau eru nú orðin tvö, ég verð áfram með í stjórn, ef félagsmenn vilja það, en ekki sem formaður. Ég óska tréskurðarmönnum velfarnaðar í starfi og leik á komandi vetri og Guðs blessunar.

Friðgeir H. Guðmundsson

Formaður

Dagskrá haustmisseris:

Október:

Trérennismiðir sóttir heim, **laugardaginn 28 október**, kl.10.00 fh. Rennismiðir eru með fræðslu og kynningafundi að Skipholti 37 efri hæð. síðasta laugardag í hverjum mánuði, þar sem sýnd eru tæki og tól, samhliða sýnikennslu í rennismiði.

Nóvember:

1. Skemmti og fræðslufundur **laugardaginn 11 nóvember** kl. 14:00 á vinnustofu Friðgeirs Guðmundssonar að Melalind 12 í Kópavogi. Fjallað verður um sögu tréskurðarlistarinnar og rætt um stíla. Skoðaðar teikningar og myndir félagsins.

2. Aðalfundur félagsins verður haldinn í veitingahúsinu Gaflinn í Hafnarfirði, efri hæð, **þriðjudaginn 21 nóvember**, kl.20.00. Kaffiveitingar í boði félagsins.

Desember:

Jólafundur **Laugardaginn 9 desember** kl. 13:30 í samvinnu við Heimilisiðnaðarfélag Íslands að Laufásvegi 2. Bjarni Þór Kristjánsson og Sigurjón Gunnarsson kenna okkur að tálga jólasveina. Jólafundurinn í fyrra var sérlega vel lukkaður svo ekki missa af þessu.

Bókin góða **“PLANTEORNAMENTIKKEN I ISLANDSK TRESKURD”** höf. Ellen Marie Mageröy, útg. 1967, er fáanleg hjá Heimilisiðnaðarfélagi Íslands, Laufásvegi 2, 101 Reykjavík. S.551-5500 netfang: hfi@heimilisidnadur.is.

FUNDARBOÐ

Aðalfundur Félags áhugamanna um tréskurð verður haldinn í Gaflinum, Hafnarfirði, efri hæð. **Þriðjudaginn 21. nóvember n.k. kl. 20:00**

Dagskrá fundarins er venjuleg aðalfundarstörf skv. 8. grein í lögum félagsins.

1. Fundargerð síðasta aðalfundar.
2. Skýrsla formanns og formanns sýninganefndar.
3. Gjaldkeri leggur fram ársreikninga félagsins
4. Umræða um skýrslur formanna og ársreikning.
5. Kosning stjórnar fyrir næsta starfsár.
6. Önnur mál. Fundarslit.
7. Kaffiveitingar og frjálssar umræður.

Félagsmenn eru hvattir til að fjölmenna á fundinn.

Kaffiveitingar í boði FÁT.

Stjórin.



Brýnið

Fréttablað Félags áhugamanna um tréskurð
Melalind 12,
201 Kópavogur
Heimasíða Félags áhugamanna um tréskurð
<http://www.simnet.is/samvil/treskurdur>

Móttakandi:

Friðgeir Guðmundsson,
Melalind 12
201 KÓPAVOGUR